



Alþingi
Erindi nr. P 130/437
komudagur 3.12.2003

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 2. desember 2003
Tilvisun: 2003110044
091.1

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Ríkislögreglustjóra um 41. þingmál, frumvarp til laga um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra o.fl. og 42. mál, frumvarp til laga um bótarétt höfunda- og heimildarmanna.

Um 1. og 2. gr. 41. máls.

Ríkislögreglustjóri er sammála því að eðlilegt sé að skýra betur lög varðandi trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Hins vegar telur Ríkislögreglustjóri að ekki sé rétt að víkka út heimild fjölmiðlamanna til að greina ekki frá því hver sé heimildarmaður, með því að láta hana ná til allra brota sem ætla má að varði ekki þyngri refsingu en fjögurra ára fangelsi. Í núgildandi lögum er miðað við að heimild þessi nái til þess þegar vitnisburðurinn varðar brot sem ekki varðar þyngri refsingu en fésektum eða fangelsi allt að einu ári og er sú viðmiðun mun eðlilegri. Sá fyrirvari sem gerður er í 1. og 2. gr. frumvarpsins, að ekki verði skylt að greina frá því hver sé heimildarmaður nema vitnisburður sé nauðsynlegur fyrir rannsókn máls og hagsmunir af því að upplýsa mál vegi ótvírætt þyngra en hagsmunir almennings af því að fá upplýsingarnar í hendur, er að mati Ríkislögreglustjóra nægilegur til að frumvarpið nái markmiði sínu. Ef frumvarpið verður að lögum óbreytt hvað þetta varðar, falla að öllu leyti undan skyldu fjölmiðlamanna, til að geta heimildarmanna, fjölmörg alvarleg brot. Má þar t.d. nefna sum kynferðisbrot gegn börnum, alvarlegar líkamsárásir og rán. Gæti það jafnvel orðið til að ekki yrði unnt að upplýsa alvarleg brot af þessu tagi. Hlýtur því að vera dagljóst að slík aðstaða yrði með öllu óviðunandi. Eðlilegra er að refsivíðmið varðandi undanþáguna verði sú sama og nú er, en dómari meti hverju sinni hvort að aðstaða í máli er með þeim hætti að fjölmiðlamanni verði ekki gert skylt að greina frá því hver sé heimildarmaður sinn.

Um 3., 4. og 5. gr. 41. máls

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að heimilt verði að víkja frá þagnarskyldu þeirra starfsmanna sem lög nr. 70/1996 og lög nr. 45/1998 ná til ef mál varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings. Vakin er athygli á því að ef 3. og 4. gr. frumvarpsins yrðu samþykktar yrði 5. gr. þarflaus, þar sem sá verknaður sem þar er gerður refsilaus yrði ekki brot gegn 136. gr. almennra hegningarlaga.

Ríkislögreglustjóri telur hins vegar að mun eðlilegra sé að láta við það sitja að gera


RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

refsilaust að gefa slíkar upplýsingar í þágu almannaheilla og þegar ríkir hagsmunir eru í húfi, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. frumvarpsins. Í 3. og 4. gr. þess virðist gert ráð fyrir að starfsmaður meti fyrirfram hvort að upplýsingar sem hann hefur undir höndum falli undir ákvæðið. Það mat hans getur að sjálfsgöðu verið rangt, en um leið og upplýsingarnar eru komnar fram er skaðinn skeður. Mun eðlilegra er að ákvæði um þagnarskyldu verði óbreytt, en brot gegn þeim verði gerð refsilaus við vissar aðstæður, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. frumvarpsins. Yrði slíkt ákvæði þá sambærilegt við ákvæði almennra hegningarlaga um neyðarrétt.

Um 42. mál.

Ríkislögreglustjóri er sammála því markmiði sem stefnt er að með frumvarpinu, en telur rétt að kannað verði hvort unnt sé að gera breytingar á gildandi lögum sem fjalla um uppsagnir starfsmanna, áður en sett eru lög sem eingöngu fjalla um þetta afmarkaða efni.

F.h. Ríkislögreglustjóra



Björn Þorvaldsson, lögl. fulltr.